

Nd.

**461. Frumvarp til laga**

[173. mál]

um lán til vegargerðar um Heydal í Snæfellsnessýslu.

Flm.: Ásgeir Bjarnason, Sigurður Ágústsson.

**1. gr.**

Ríkisstjórninni skal heimilt að taka lán allt að kr. 500000.00 til þess að hefja sumarið 1955 vegargerð um Heydal í Snæfellsnessýslu.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Síðasta áratug hefur mikið verið unnið að bættum og auknum samgöngum á sjó, landi og í lofti. En þrátt fyrir mikið átak í þessum efnum finnast enn þá héruð, sem búa við mjög erfiðar samgöngur, og á það jafnt við um sjó-, land- og loftferðir.

Flm. þessa frv. er mjög kunnugt um erfiðleikana á samgöngunum til Breiðafjarðar og þá sérstaklega til Gilsfjarðar og Hvammsfjarðar.

Frá því í janúar hefur Hvammsfjörður verið ísi lagður, og er svo enn þá, og Gilsfjörður sömuleiðis til skamms tíma og því ekki verið um skipaferðir að ræða. Þetta er bæði gömul og ný saga. Á sama tíma og firðina lagði má heita að Brattabrekka (nú Miðdalur) hafi verið illfær bifreiðum nema með miklum snjómokstri og ferðir því verið mjög strjálar og ófullnægjandi fyrir Dalamenn og Austur-Barðstrendinga. Svipað má segja um landferðir til Skógarstrandar og Stykkishólms, því að Kerlingarskarð hefur oft teppzt vegna snjóa og því einnig kostnaðarsamt að halda þeirri leið opinni fyrir bifreiðar.

Flugsamgöngur eru síður en svo öruggar og teppast oft vegna snjóa og veðurs, enda óviða um stórar flugbrautir að ræða, nema þar sem svo hagar til frá náttúrunnar hendi. Flugvellir kostaðir af almannafé eru ekki margir á þessum slóðum og venjulega ekki til nota nema fyrir mjög takmörkuð svæði og því ekki þess að vænta, að flug bæti verulega úr.

Hverjir eru þá möguleikarnir til almennra samgöngubóta, svo að sem flestir njóti góðs af og finni sig í sambandi við umheiminn, þegar ísavetur geisa? Við teljum það vafalaust vera veg á milli Hnappadals og Skógarstrandar yfir svokallaðan Heydal, sem liggur álíka lágt og byggðin heggja vegna.

Á undanförunum árum hefur verið unnið að nýlagningu vegar milli Dalasýslu og Snæfellsness, Skógarstrandarvegi, og í Hnappadal að sunnan. Þetta gerir það að verk-

um, að það er auðveldara og meira aðkallandi en áður var að fá veg yfir Heydal. Þess vegna höfum við nokkrir þingmenn gert okkar til að koma þessu máli í framkvæmd, og meðal annars rituðum við fjárveitinganefnd í nóv. s. l. eftirfarandi bréf:

„Reykjavík, 18. nóv. 1954.

Háttvirt fjárveitinganefnd Alþingis.

Við undirritaðir alþingismenn óskum eindregið, að á næsta árs fjárlögum verði veitt fjármagn, allt að 1 millj. króna, til Heydalsvegar, sem tekinn var í þjóðvegatölu fyrir 12 árum. Það hefur við athuganir margsýnt sig, að þessi leið yfir fjallgarðinn milli Mýrasýslu og Hnappadalssýslu að sunnan og Snæfellsnes- og Dalasýslu að vestan er miklu snjóminni heldur en Kerlingarskarð, Brattabrekka (nú Miðdalur) og Holtavörðuheiði. Það verður þess vegna í framtíðinni mjög mikill sparnaður í því að eiga snjólétta og góða vetrarleið og spara þannig snjómokstur á 2 eða jafnvel 3 fjallvegum, þegar ísa- og snjóavetur geisa.

Bæði Hvammsfjörður og Gilsfjörður geta lokast vegna ísa meiri hluta vetrar, og á sama tíma er venjulega mjög hætt við miklum snjó, sem teppir fljótlega háa fjallvegi algerlega, svo að sveitirnar við innanverðan Breiðafjörð og í Stranda- og Húnavatnssýslum geta verulega liðið fyrir samgönguleysi. Það er því höfuðnauðsyn að hraða mjög vegagerð yfir Heydal og aðliggjandi sveitir, ef breiðfirzkar byggðir ásamt fleirum eiga ekki smám saman að falla í auðn og fólkið, sem verulega hefur verið afskipt í baráttunni um lífþægindin, á ekki að flytja sig til þægindanna, þar sem þau eru þegar fyrir hendi.

Virðingarfullt.

Sigurður Ágústsson.      Ásgeir Bjarnason.      Hermann Jónasson.“

Þegar vitað var, að fjárveitinganefnd gat ekki orðið við þessari ósk, bárum við fram breytingartillögu við fjárlögin í vetur um að taka upp kr. 300000.00 til Heydalsvegar og til vara kr. 200000.00. Báðar tillögurnar voru felldar, og var vara-tillagan felld með 25:18 atkv.

Á þessum vetri hefur sannast það, sem fyrr var vitað, að knýjandi nauðsyn er að tryggja breiðfirzkum byggðum öruggari samgöngur, svo að þær einangrist ekki alveg frá umheiminum. En það er ekki aðeins í þágu þessara héraða að fá auknar samgöngur á þennan hátt. Snjóléttasta leiðin, sem getur tengt Suður-, Vestur- og Norðurland, er Heydalur og áfram um Dali yfir Laxárdalsheiði til Hrutafjarðar. Holtavörðuheiðin er fannsökun og þess vegna mjög kostnaðarsamt að tryggja vetrarsamgöngur yfir hana. Það er því ekki neitt sérmál fyrir breiðfirzkar byggðir að fá veg yfir Heydal, heldur mun sú leið einnig í framtíðinni tryggja samgöngur milli þriggja landsfjórðunga.